

Ung- og smábarnavernd Flýtitextar í Saga 3.1.38


Nú er hægt að setja inn flýtitexta í textasvæði í Ung- og smábarnavernd. Virknin er eins og í Eyðublöðum. Flýtitextar eru búnir til í Mínar stillingar eða með því að smella á Ctrl + Shift+ T innan í textasvæði sem styður flýtitexta. Hægt er að setja inn flýtitexta sem búið að skilgreina með því að skrifa „%“ og nafn flýtitextans beint á eftir og smella síðan á Ctrl+T.

Hægt er að búa til flýtitexta fyrir innskráðan notanda og auk þess getur notandi sem hefur tiltekin réttindi búið til flýtitexta fyrir innskráningardeild. Allir notendur sem skrá sig inn á deildina geta þá notað þann flýtitexta.

Til kerfisstjóra:

Til að notandi geti búið til flýtitexta fyrir deild þarf notandi að vera með hlutverk, sem veitir aðgang að Eyðublöðum og Ung- og smábarnavernd og er með „Flytitextar_Deild“ aðgang settan.

Sjá mynd:



Með kveðju,
TMS – Heilbrigðislausnir